

Forskráning launa og starfstengdra greiðslna á skattframtöl einstaklinga 2002

Forskráning upplýsinga

Á undanförunum tveimur árum hafa verið forskráðar ýmsar upplýsingar á skattframtöl einstaklinga og vinnur ríkisskattstjóri að því að auka forskráningu sem kostur er. Megintilgangur forskráningar er að léttu framteljendum útfyllingu framtala, tryggja rétt framtalsskil og draga úr hættu á óvissu og skekkjum. Samvinna við launagreiðendur og aðra upplýsingagjafa er forsenda þess að bæta megi þjónustu við framteljendur með framangreindum hætti.

Við undirbúning að forskráningu launa og annarra starfstengdra greiðslna hefur ríkisskattstjóri lagt áherslu á að skráðar upplýsingar séu *endanlegar* og *sem áreiðanlegastar*, þ.e. þarfnist ekki breytinga eða viðbóta síðar af hálfu launagreiðanda og að til undantekninga heyrir að þær þurfi að leiðrétta af hendi framteljanda (launamanns). Nauðsynlegt er því að launagreiðendur sendi **allar** upplýsingar, sem ber að gefa upp á launamiða, til forskráningar, hvort sem þær kunna að vera geymdar í launakerfi eða fjárhagsbókhaldi, þ.m.t. dagpeninga, ökutækjastyrki og hlunnindagreiðslur.

Mikilvægt er að launaforrit séu uppfærð vegna krafna um aukinn áreiðanleika og öryggi þeirra upplýsinga, sem forskráning grundvallast á. Launagreiðandi þarf því að tryggja að notuð sé nýjasta útgáfa af viðkomandi launakerfi vegna forskráningarinnar.

Fyrirkomulag forskráningar launa

Ríkisskattstjóri fer fram á að upplýsingum um laun og aðrar starfstengdar greiðslur, sem inntar hafa verið af hendi vegna ársins 2001, verði skilað til skattstjóra í umdæmi launagreiðanda á tölvutæku formi (disklingi) skv. útgefinni færslulýsingu. Um er að ræða óbreytta launamiðafærslu frá síðasta ári. Upplýsingar um greiðslurnar verða þá forskráðar inn á skattframtöl viðkomandi launamanna fyrir útsendingu þeirra og munu jafnframt birtast í vefframali hvers og eins.

Með sérhverju skattframtali, sem fjárhæðir verða forskráðar á, sendir ríkisskattstjóri sérstakt sundurliðunarblað með nánari skýringum. Þar verða forskráðar fjárhæðir í hverjum framtalsreit sundurliðaðar eftir launagreiðendum. Meðfylgjandi er að finna yfirlit yfir reiti á tekjusíðu skattframtals einstaklinga, þ.m.t. þá reiti sem upplýsingar frá launagreiðendum verða forskráðar í. Ennfremur eru taldir upp þeir reitir í launamiðafærslunni, sem standa á bak við hvern framtalsreit.

Reynist forskráð fjárhæð á framtali (þ.e. samtala greiðslna í hverjum framtalsreit) af einhverjum ástæðum röng, á framteljandi að strika yfir hana og færa rétta fjárhæð í sérstakan leiðréttingarreit við hliðina á framtalsreitnum. Leiðréttingu til lækkunar á forskráðum launatekjum þarf framteljandi að rökstyðja með nauðsynlegum fylgigögnum.

Sú breyting verður nú frá forskráningu fyrra árs að afdregin staðgreiðsla skv. launamiðum verður forskráð í reit 296 á framtali.

Kröfur til gagna frá launagreiðendum

Þar sem afar mikilvægt er að vandað sé til forskráningar upplýsinga af launamiðum og réttar upplýsingar berist tímanlega, þá setur ríkisskattstjóri eftirfarandi skilyrði fyrir þátttöku launagreiðenda í forskráningunni:

- Tölvutækar upplýsingar til forskráningar, í samræmi við færslulýsingu, skal senda skattstjóra í umdæmi launagreiðanda (á disklingi), merktar „Forskráning upplýsinga“. Skilafrestur er til föstudagsins **8. febrúar 2002**.
- Skil á áður nefndum skattgögnum á tölvutæku formi (**ásamt launaframtali á pappír**) eru **fullnaðarskil** til skattyfirvalda. Ekki á að skila sömu launupplýsingum til skattstjóra á pappír, þar sem slíkt getur valdið misskilningi.
- Þjóði launakerfi upp á útskrift á samtalingsblaði yfir allar færslur, sem senda á til skattstjóra, þá skal því skilað með launamiðunum til afstemmingar við innlestur.
- Mælt er til þess að launagreiðendur sendi launamiða á pappír til launamanna sinna, nokkru áður en skil til skattstjóra á tölvutæku formi eiga sér stað. Með því móti gefst launamönnum kostur á að koma strax á framfæri athugasemdum og leiðréttingum við launagreiðendur vegna launauppgjörsins, þ.e. áður en launupplýsingum er skilað til skattyfirvalda og þær verða forskráðar á framtöl.
- Ríkisskattstjóri fer fram á að launamönnum verði í upplýsingaskyni sendur launamiði á A-4 formi í einriti, en ekki verði notaður hefðbundni (litli) launamiðinn í þríritsformi. Þetta form launauppgjafar gefur launagreiðendum tækifæri til að koma á framfæri frekari upplýsingum og leiðbeiningum til launamanna, m.a. í tengslum við forskráninguna.
- Athygli skal vakin á því að vera kann að einhverjir launamenn fái ekki áritað skattframtal, þar sem upplýsingar um þá eru ekki teknar með í áritunarskrá skattyfirvalda. Þetta á m.a. við um börn yngri en 16 ára og þá sem búsettir eru erlendis, sem þó ber að skila framtali. Skýringar launagreiðenda á forskráningunni þurfa einnig að ná yfir þessi tilvik.
- Greiðslur, sem áður voru settar í launamiðareit 29 („Aðrar greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður; hvaða?“), eftir atvikum án fjárhæðar eða skýringar, þarf nú að flokka frekar niður vegna forskráningar launa, enda er reitur 29 ekki notaður lengur. Lista yfir þá launamiðareiti, sem í boði eru, má finna í meðfylgjandi yfirliti. Ætíð þarf að tilgreina fjárhæð

greiðslu eða hlunninda og stundum skýra frekar með frjálsum texta.

- Með launamiðareitum nr. 11, 34, 82 og 93 skal alltaf tilgreina bæði texta og fjárhæð, en með öðrum reitum skal einungis tilgreina fjárhæð.
- Að gefnu tilefni vill ríkisskattstjóri vekja sérstaka athygli á að hafi verið skipt um launa- og/eða greiðslukerfi eða þá að sameining við önnur fyrirtæki hafi átt sér stað á árinu 2001, þarf að yfirfara skil á launaupplýsingum gaumgæfilega í samráði við tæknimenn, enda sýnir reynslan að launamiðaskilum til skattfyrivalda er oft afar ábótavant undir slíkum kringumstæðum.

Leiðréttingar

Hafi launamiða á tölvutæku formi verið skilað með röngum upplýsingum, skal launagreiðandi strax senda skattstjóra í umdæmi sínu **nýjan launamiða á pappír**, með beiðni um að áður sendur launamiði verði gerður ógildur. Jafnframt skal senda samrit af réttum launamiða til launþega og gera viðeigandi leiðréttingar á launaframtali.

Ríkisskattstjóri væntir þess að forskráning launaupplýsinga á framtöl verði bæði skattfyrivöldum og launagreiðendum til hagsbóta, auk hinna augljósa kosta fyrir framteljendur.

Tengsl launamiðareita og framtalsreita v/forskráningar launa á skattframtal 2002

Launamiðareitur	Lýsing á launamiðareit	Reitur á framtali	Lýsing á framtalsreit	Athugasemd
02	Laun	21	Launatekjur, hlunnindi o.fl.	
03	Greiðsla í lífeyrissjóð (4%)	162	Iðgjald til frádráttar	
04	Hlutabréfakaup á undirverði	21	Launatekjur, hlunnindi o.fl.	
05	Par af v. sjómennsku v. sjómannaafsláttar			Sett á sundurl.blað
06	Verktakagreiðslur			Ekki forskráð
08	Númer lífeyrissjóðs			Sett á sundurl.blað
09	Styrkir til náms, rannsókna o.fl.	131	Styrkir til náms, rannsókna o.fl.	
11	Endurgreiddur útlagður kostnaður			Ekki forskráð
12	Vikur alls			Ekki forskráð
16	Ökutækjastyrkur	22	Ökutækjastyrkur	
17	Dagpeningar	23	Dagpeningar	
19	Sjúkradagpeningar	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	Kóðun skattstjóra
21	Greiðslur úr lífeyrissjóði	43	Greiðslur úr lífeyrissjóðum	
22	Greitt fyrir vörubílaakstur			Ekki forskráð
26	Skattfrjáls verðlaun, heiðursl., happdr.	597	Skattfrjálsir vinningar	
27	Fatahlunnindi	21	Launatekjur, hlunnindi o.fl.	
28	Húsnæðishlunnindi	21	Launatekjur, hlunnindi o.fl.	
32	Skattskyld verðlaun, heiðursl., happdr.	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	Kóðun skattstjóra
33	Fæðishlunnindi	21	Launatekjur, hlunnindi o.fl.	
34	Önnur hlunnindi	21	Launatekjur, hlunnindi o.fl.	
56	Endurgj. til höfunda, rétthafa o.fl.	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	Kóðun skattstjóra
57	Verkfallsstyrkur	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	Kóðun skattstjóra
58	Björgunarlaun	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	Kóðun skattstjóra
59	Skaðabætur og váttryggingafé	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	Kóðun skattstjóra
60	Bifreiðahlunnindi	21	Launatekjur, hlunnindi o.fl.	
61	Styrkir og styrktarfé	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	Kóðun skattstjóra
62	Félagsleg aðstoð frá sveitarfélögum	197	Húsaleigub., félagsleg aðstoð	
63	Greiðsla í séreignarlífeyrissjóð (4%)	160	Viðbótariðgjald til frádráttar	
64	Númer séreignarlífeyrissjóðs			Sett á sundurl.blað
65	Leigutekjur	521	Heildartekjur af útleigu eigna	Ekki forskráð
67	Húsaleigubætur	197	Húsaleigub., félagsleg aðstoð	
69	Skattskyldar greiðslur tryggingafélaga	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	Kóðun skattstjóra
71	Afdregin staðgreiðsla	296	Staðgreiðsla af tekjum	
72	Aðrar bætur og styrkir frá sveitarfélögum	197	Húsaleigub., félagsleg aðstoð	
73	Ökutækjastyrkur utan staðgr.			Ekki forskráð
74	Dagpeningar utan staðgr.			Ekki forskráð
82	Aðrar skattskyldar greiðslur	96	Aðrar greiðslur í kafla 2.3	Kóðun skattstjóra
83	Ráðningardagar			Sett á sundurl.blað
85	Ráðningardagar			Sett á sundurl.blað
87	Lögskráningardagar/úthaldsdagar			Sett á sundurl.blað
88	Lögskráningardagar/úthaldsdagar			Sett á sundurl.blað
89	Óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga	73	Aðrar skattfrjálsar tekjur	
93	Aðrar skattfrjálsar greiðslur	73	Aðrar skattfrjálsar tekjur	

Með launamiðareitum nr. 11, 34, 82 og 93 skal alltaf tilgreina bæði texta og fjárhæð.
Með öðrum launamiðareitum skal einungis tilgreina fjárhæð.

Tillaga að texta sem kemur neðst á launamiða á A4-formi til skýringar á forskráningu:

Fjárhæðir, sem fram koma á þessum launamiða, verða forskráðar með vélrænum hætti á tekjusiðu skattframtals 2002. Noti launþegi ekki áritað framtal við skattskil sín, þarf hann sjálfur að færa umræddar fjárhæðir í viðeigandi reiti á skattframtali sínu. Athygli er vakin á því að fjárhæðir, sem færa má til frádráttar í kafla 2.6 á framtalinu, eru ekki forskráðar, fyrir utan iðgjald í lífeyrissjóði í reitum 162 og 160.